

Kennsluáætlun

Áfangalýsing:

Nemendur sem hefja nám í þessum áfanga eiga að hafa fullt vald á bókhaldshringrásinni, geta hafið bókhald og lokað því samkvæmt reglum tvíhliða bókhalds. Í þessum áfanga er fyrri kunnátta dýpkuð verulega með erfiðari færslum. Farið er yfir bókun á helstu reikningum fyrirtækja, notkun fyrningareikninga við afskriftir eigna, bókun verðbréfa, hlutabréfa, skuldabréfa og annarra skuldaviðurkenninga og notkun affallareiknings. Einnig er farið yfir bókanir sem varða innflutning, tollafgreiðslu, greiðslu virðisaukaskatts í tolli, kostnað og fyrirkomulag við geymslu á vörum í tollvörugeymslu. Uppgjörsfærslum er haldið áfram, bæði í gegnum aðalbók og reikningsjöfnuð. Farið er yfir bókanir í sambandi við stofnun og slit fyrirtækja, breytingar á réttarformi, samruna og fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja.

Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa aflað sér dýpri skilnings á:

- Hugtökum tvíhliða bókhalds
- Helstu reglum tvíhliða bókhalds
- Helstu reikningum í fjárhagsbókhaldi
- Helstu lögum um bókhald og virðisaukaskatt

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni til að:

- Gera skil á færslum vegna innflutnings á vöru, helstu innflutningsskjölum, tollaafgreiðslu, greiðslu virðisaukaskatts í tolli, gengisbreytingum og kostnaði og fyrirkomulagi við geymslu á vöru í tollvörugeymslu
- Reikna og bóka verðbætur, vexti og afborganir af verðtryggðum skuldabréfum
- Bóka færslur sem tengdar eru hlutabréfum
- Meðhöndla mismunandi virðisaukaskatt í bókhaldi
- Gera skila á staðgreiðsluskatti, framlagi í lífeyrissjóð og tryggingagjaldi
- Færa viðskiptamannabókhald

Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu sem hann hefur aflað sér til að:

- Bóka færslur sem varða stofnun og slit fyrirtækja
- Vinna með viðskiptamannabókhald, sérstaklega með tilliti til innheimtu og afskrifta á viðskiptaskuldum
- Þekkja skilmála Fob og Cif

Námsbók:

Tvíhliða bókhald 2,32 eftir Sigurjón Valdimarsson

Námsmat:

Áfanginn er símatsáfangi án hefðbundins lokaprófs. Á önninni verða lögð fyrir 3 próf.

	Vægi
Próf 1 - dagbók	25%
Próf 2 - dagbók	25%
Próf 3 - reikningsyfirlit	25%
Verkefni á önn	25%

Sérreglur áfangans

Nemandi skal ná lágmarkseinkunn 4,5 að meðaltali úr hlutum námsmats til að standast áfangann. Nemandi sem ekki kemst í próf vegna veikinda eða leyfa frá skóla (V, W eða L í kladda) gefst kostur á að taka sjúkrapróf á prófatíma í lok annar. Engar undanþágur eru veittar frá þessari reglu. Mæti nemandi ekki í próf fær hann einkunnina 0.

Með fyrirvara um breytingar á önninni.

Kennari: Þórey Hilmarsdóttir tho@fsu.is